

2. Tengibraut frá Hafnargötu að Súgandisey.
Biðskylda við Smiðjustíg og hafskipabryggju fyrir umferð um tengibrautina.
3. Lágholt.
Biðskylda við Sundabakka fyrir umferð um Lágholt.
4. Silfurgata.
Biðskylda við þrengingu á götu á móts við hús nr. 14 fyrir umferð í austur um götuna.
Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. september 1993.

Sýslumaðurinn í Stykkishólmi, 12. ágúst 1993.

Ólafur K. Ólafsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 274/1993, um veiðar í atvinnuskyni
fiskveiðiárið 1. september 1993 til 31. ágúst 1994.**

1. gr.

Í stað “þ.a. Eldey 500 lestir” í 1. mgr. 5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar komi: þ.a. Eldey 600 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. ágúst 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hafnir.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við mestu brúttóstærð skipa.

Fyrir íslensk skip skal fara eftir skrá yfir íslensk skip, útgefinni af Siglingamálastofnun ríkisins, en fyrir erlend skip skal miða við viðurkennda skipaskrá, t.d. Lloyds Register of Shipping eða Norsk Veritas.